


76 Ölfusdalur

Suðaustasti hluti Hengilssvæðis er í Hveragerðiseldstöðinni (Grændalur). Hún er hætt gosum og þegar nokkuð rofin. Boranir í Hveragerði og upp með Varmá í Ölfusdal hafa sýnt að þar er á ferðinni afrennsli af heitara svæði norðar eða norðvestar.

Á árunum 1958 – 1962 voru boraðar 8 holur með Gufubor í Ölfusdal. Þær taka inn 210 – 226°C heitt vatn á 250 – 700 m dýpi. Holurnar eru fódraðar með steyptri fóðringu niður í 190 – 250 m en ófódraðar þar fyrir neðan. Þær voru prófaðar í stöðugum blæstri í 4 mánuði 1961 og 6 mánuði 1962 – 1963. Jafnframt var fylgst með áhrifum blástursins á rennsli vatns og gufu í Ölfusdal og Hveragerði.

Gufurennisli við 6 bara er talið um 47 kg/s og nægjanlegt fyrir 10 MW_e rafstöð. Árið 1961 var gerð frumhönnun á 15 MW_e gufuaflstöð í Ölfusdal til samanburðar við aðra virkjunarkosti sem gætu mætt vaxandi raforkuþörf almenns markaðar í landinu. Ekki varð þó af framkvæmdum þar sem nýr markaður fyrir áliðnað í Straumsvík þarfnaðist mun stærri virkjunar.



Borholur í Ölfusdal (G-1 til G-8).

Mynd úr skýrslu Sveins S. Einarssonar 1961:
Proposed 15 Megawatt Geothermal Power Station at Hveragerði, Iceland.

Ýmis vandkvæði mundu þó fylgja rekstri slíkrar aflstöðvar í Ölfusdal. Afgangsvarmi í borholuvatni og kælivatni yrði mun meiri en varmaþörf byggðarinnar í Hveragerði. Þennan varma væri að jafnaði ekki hægt að láta renna í Varmá heldur yrði að kæla vatnið í kælitjörnum og kæliturnum þar til það ylli ekki meiri hitabreytingum í ánni en fiskur þar þolir. Einnig er hættu á að efni í vatninu, einkum H₂S, geti orðið fiski að skaða þegar lítið er í Varmá. Þessi varma- og efnamengun, ásamt óþægindum fyrir byggðina í Hveragerði af hávaða og gufu, er fremur takmarkandi fyrir rekstur gufuaflstövar í Ölfusdal. Hæpið er að í hana verði ráðist nema jafnframt verði byggð upp notkun afgangsvarma í ylrækt eða iðnaði.

Á árinu 2003 lét Sunnlensk orka ehf. hreinsa nokkrar af holum í Ölfusdal með það fyrir augum að nýta þær til raforkuframleiðslu. Í greinargerð sem VGK Verkfræðistofa vann fyrir Sunnlenska orku og gefin var út í febrúar 2004 kemur fram að miðað við ákveðnar forsendur sé unnt að framleiða allt að 10 MW af raforku með vökva úr holunum. Sunnlensk orka ehf. hefur þróað hugmyndir um að framleiða raforku með einingum sem hægt er að fella vel að landslagi í Ölfusdal og virðist sú útfærsla einnig geta verið mun hagkvæmari auk þess að vera vistvænni en fyrri hugmyndir.

Gögn úr mati rammaáætlunar

Ölfusdalur

Afl 10 MWe, orkugeta 82 GWh/ár

FH III/FH IV: Gæði gagna B. FH III: Áhrif 84. FH IV: Kostnaðarflokkur 2,5.

Umsögn faghóps I

Faghópur I mat ekki Ölfusdal sérstaklega, heldur Grændal og Ölfusdal saman

FH I: Gæði gagna D/B

Umsögn faghóps II

FH II: Gæði gagna A/B.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útvistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Hengill	8,72	18

<i>Staðar-númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útvist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
76	Ölfusdalur	3	3	2,89	44

Röðun FH I/FH II: Ekki raðað af faghópi I.

Könnun verkefnisstjórnar: N0, B5, V6.

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk: Borholur voru boraðar á árunum 1958 – 1962 með þessa nýtingu í huga.

Rök fyrir röðun í biðflokk: Hugmyndin var ekki metin af faghópi I.

Rök fyrir röðun í verndarflokk: Mikilvægt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.

Flokkun í þingsályktunartillögu: Biðflokkur

*Rökstuðningur: Virkjunarkostur sem ekki var metinn af öllum faghópum (sjá töflu 7.1 í fylgiskjali 1).
Vantar frekari upplýsingar.*